

Í einni sæng
Tilhugalíf fjögurra sveitarfélaga
Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og
Kolbeinsstaðahreppur



Íbúáping haldið á Hvanneyri laugardaginn 19. nóvember 2005
Rannsóknamiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst

Efnisyfirlit

1. Um íbúðingið	3
2. Vinnuhóparnir	4
3. Málefnaþópur um fjölskyldumál.....	4
Leikskólamál.....	5
Grunnskólamál	6
Framhaldsskólamál	7
Símenntun	8
Íþróttá- og tómstundastarf.....	9
Forvarnir	9
Félagsþjónusta og eldri borgarar.....	10
Menningarmál	11
Atvinnumál	11
3. Málefnaþópur um umhverfis- og skipulagmál.....	12
Fráveitumál	12
Sorghirða, endurvinnsla og förgun	12
Umhverfisfræðsla.....	13
Útivistarsvæði	14
Umferðarmál	15
Brunavarnir	15
Atvinnumál	16
Samkennd íbúa.....	16
4. Hópur um stjórnarsýslu og lýðræði	17
Stjórnarsýslan.....	17
Nefndir	18
Staðsetning stjórnarsýslu.....	19
Íbúalýðræði	20
Önnur mál	21
5. Niðurstöður íbúðþingsins	21
Viðauki I	22

1. Um íbúapingið

Sameiginlegt íbúaping Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps var haldið laugardaginn 19. nóvember 2005 í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Sameining þessara sveitarfélaga var samþykkt í kosningum 23. apríl 2005 og tekur sameiningin gildi vorið 2006. Yfirskrift íbúapingsins “Í einni sæng – tilhugalíf fjögurra sveitarfélaga” er fengin frá þeirri hugmynd að líkja megi tímabilinu frá sameiningarkosningum fram að sveitarstjórnarkosningum þegar nýtt sveitarfélag verður formlega til við “trúlofun” tveggja (eða fleiri) einstaklinga. Sveitarfélögin fjögur, eða íbúar þeirra, hafa þannig ákveðið að ganga í eina sæng og því má segja að sveitarfélögin séu í tilhugalífinu þar sem þeim gefst tækifæri til að huga að sameiginlegri framtíð sinni. Með íbúapinginu var íbúunum gefið tækifæri til að taka þátt í tilhugalífinu og stuðla að því að vel takist til með “hjólabandið”.

Sameiningu sveitarfélaga fylgja óhjákvæmilega breytingar. Mikilvægt er að við breytingar séu hugmyndir og sjónarmið íbúanna sjálfra hafðar að leiðarljósi. Til að ræða breytingarnar á sem lýðræðislegasta hátt ákvað sameiningarnefndin að boða til íbúapings þar sem íbúunum gæfist kostur á að ræða helstu málaflokka nýs sveitarfélags og þær breytingar sem sameiningin hefur í för með sér. Megin tilgangur með þinginu var að fá íbúa dreifbýlis og þéttbýlis til að koma saman, ræða málin og setja fram sína sýn og tillögur um framtíð og fyrirkomulag hins sameinaða sveitarfélags þannig að sem breiðust samstaða um áherslur næðist.



Þessari skýrslu er ætlað að endurspeglar umræður og áherslur íbúa á þinginu en varast ber að líta á samantektina sem ályktanir eða formlegar samþykktir.

Skipulag þingsins var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

2. Vinnuhóparnir

Þinggestir skiptu sér niður í þrjú málaflokka; fjölskyldumál, umhverfis- og skipulagsmál og stjórnsýslu- og lýðræðismál, samanber sviðaskiptingu í nýju sveitarfélagi.

Útgangspunktur umræðu í hverjum málaflokki voru:

- 1) *hver er staðan í dag?*
- 2) *hvernig vilja íbúarnir sjá viðkomandi málefni í framtíðinni?*
- 3) *hvað þarf að gera til að sú framtíðarsýn rætist?*

Þess var þó gætt að form umræðunnar takmarkaði hana ekki enda sköpuðust líflegar umræður og margar góðar hugmyndir litu dagsins ljós.



3. Málefnaþópur um fjölskyldumál

Í fjölskylduþópnum voru um 20 manns. Umræður urðu líflegar og endurspegluðu hvað hópurinn var fjölbreyttur t.d. var aldursdreifing góð, álfka mikið af báðum kynjum og bakgrunnur þátttakenda ólíkur. Umræður hófust á yngsta stigi skólamála og fíkrúðu sig svo áfram menntaveginnum upp í háskóla og símenntun. Að því loknu var umræða um íþrótt- og tómstundamál, forvarnir, félagsþjónustu og eldri borgara, menningarmál og loks endað á stuttri umræðu um atvinnumál. Hópstjórar voru *Dofri Hermannsson* og *Þóra Árnadóttir*. Ritarar voru *Ingibjörg Guðmundsdóttir* og *Ottó Valur Ólafsson*.

Leikskólamál

Fundurinn taldi að vel væri staðið að leikskólamálum í Borgarnesi, Bifröst og Hvanneyri en bæta þyrfti ástandið í þeim málum annars staðar hvað varðar ráðningu á fagfólki og aðstöðu bæði fyrir börn og starfsfólk. Fram kom að húsnæði fyrir leikskólann á Varmalandi er talið ófullnægjandi. Ljóst að fólk vill sjá ýmsar breytingar á þessu skólastigi þegar nýtt sameinað sveitarfélag tekur til starfa. Þau viðhorf snúa annars vegar að faglegu starfi leikskólanna og hins vegar að þjónustu þeirra.

Umræða um fagleg mál á leikskólastigi

Fram koma að fólk vill að nýtt sveitarfélag leggi sig sérstaklega fram um að ráða til sín hæft fagfólk með því að bjóða slíkum aðilum betri launakjör en annars staðar bjóðast. Einnig kom fram sú skoðun að auðvelda ætti bráðgerum börnum í leikskóla að fara fyrir í 1. bekk í grunnskóla en þó í samráði við sérfræðinga. Fram kom að fólk er því mjög fylgjandi að öll fræðslumál sveitarfélagsins verði sett undir einn hatt (þ.e. ein fræðslu-nefnd) til að samfella náist í skipulagi skólastiga og þekking nýtist sem best.

Umræða um þjónustu leikskóla

Fram kom sú hugmynd að boðið yrði upp á gjaldfrjálsan leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Leikskólagjöld eru afar stór kostnaðarliður í útgjöldum barnafjölskyldna og því er ljóst að til að laða til sín ungt fjölskyldufólk þá væri gjaldfrjáls leikskóli líkleg leið til árangurs. Há leikskólagjöld verða auk þess oft til þess að annað foreldrið hættir að vinna og kraftar þess nýtast ekki á vinnu-markaði. Það á fyrst og fremst við um konur svo hér er jafnframt um jafnréttismál að ræða.



Rætt var um að gæta þyrfti þess að fjölga leikskólaplássum í samræmi við fjölgun barna á svæðinu. Þá var einnig mælt með því að fólki í hinu nýja sveitarfélagi yrði frjálst að velja í hvaða leikskóla barn þeirra færi en það gæti haft í för með sér mikið hagræði fyrir foreldra að velja t.d. leikskóla í námunda við vinnustað foreldris en heimili viðkomandi fjölskyldu.

Dagforeldrar

Í framhaldi af umræðu um leikskóla var rætt um að brýn þörf væri á að bæta úr dagvistun fyrir börn undir leikskólaaldri en sá tími sem líður frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur og þar til barn fær pláss á leikskóla er foreldrum oft erfiður. Stór galli er að þjónustan er ekki einasta dýr heldur nánast ófáanleg. Þetta hefur ekki jákvæð áhrif á ungt fólk sem er að ákveða hvar það velur sér búsetu. Vegna launamunar kynjanna er þetta ástand einkum dragbítur á starfsframa kvenna og því um brýnt jafnréttismál að ræða. Það var því vilji hópsins að nýtt sveitarfélag gerði gangskör í þessum málum.

Grunnskólamál

Almennt var fólk á því að málefni grunnskólans væru í góðum farvegi í sveitarfélögunum sem eru að sameinast. Líkt og í umræðu um leikskólamál þótti flestum brýnt að öll fagleg yfirstjórn grunnskólastigsins yrði á einni hendi (þ.e.a.s. ein fræðslunefnd fyrir alla skólana).

Sú skoðun kom fram að í fámennum skólum fara börn oft á mis við ýmislegt í skólastarfinu sem börn fá í fjölmennari skólum. Það var þó einhugur um að varlega bæri að fara í sameiningar skóla ef til þess kæmi. Þá kom fram sú skoðun að vegna mjög örra breytinga á fjölda og aldurssamsetningu á ýmsum svæðum innan nýs sveitarfélags geti verið erfitt að sjá fyrir hvað best er að gera í þeim málum. Fram kom að á Varmalandi, Kleppjárnsreykjum og Hvanneyri þarf að öllum líkindum að endurnýja og



bæta við húsnæði vegna fólksfjölgunar og þá vaknar sú spurning hvort sameina eigi þessa skóla í einn stærri skóla sem best væri að yrði staðsettur miðsvæðis í uppsveitum Borgarfjarðar, t.d. í Bæjarsveit. Þá þyrfti að koma til ný brú yfir Hvítá en slíkt taldi fundurinn af hinu góða þar sem nauðsynlegt er að efla samgöngur innan nýs sveitarfélags hvort eð er. Hins vegar fékkst ekki botn í þessa umræðu þar sem einnig kom fram það sjónarmið að ef Bifröst og Hvanneyri stækka mikið meira er ekki ólíklegt að þessir staðir muni vilja að byggður verði upp skólar þar. Þá væri e.t.v. ekki svo góður kostur að hafa lagt í að byggja stóran skóla miðsvæðis fyrir þá nemendur sem eftir eru. Rætt var að gott væri að foreldrar hefðu frelsi til að velja í hvaða skóla innan nýs sveitarfélags börn þeirra færu, en aftur á móti þótti sjálfsagt að foreldrar sæju sjálfir um að aka börnum til skóla ef nærliggjandi skóli er ekki valinn.

Akstur skólabarna var ræddur en eins og málum er nú komið eyða þau börn sem lengst þurfa að fara um tveimur klukkutímum í skólabíl á dag. Fram kom sú skoðun að setja þyrfti skýrar reglur um hámarkstíma í skólabíl fyrir hvert barn. Í þessu samhengi var rætt að mikilvægt væri að halda úti skólastarfi í jaðarsvæðum hins nýja sveitarfélags. Bættar samgöngur eru mjög mikilvægar í þessu samhengi.

Fram kom mjög mikill áhugi á að börnum stæði til boða að stunda tómstundir á skólatíma, til dæmis tónlistanáms og dans. Þetta á einnig við um íþróttaiðkun. Akstur barna til íþrótt- og tómstundaiðkunar er oft langur og tímafrekur og getur leitt til þess að færri nýta sér þessa þjónustu en ella.

Framhaldsskólamáli

Það var einróma álit fundarins að alger nauðsyn væri á að fá framhaldsskóla í héraðið. Fyrir því voru taldar margar ástæður. Þessar helstar: Börn eru í raun lengur börn í dag en áður var og foreldrar vilja almennt ekki senda 16 ára unglunga að heiman í dag. Það að ungmennum hefur ekki staðið til boða að sækja framhaldsnám í héraði hefur haft letjandi áhrif á unglunga og of hátt hlutfall Borgfirskra ungmenna hafa ekki farið í framhaldsnám. Þá má leiða að því líkum að skortur á þessari þjónustu fæli frá fólki sem annars vildi

setjast að í sveitarfélaginu. Einnig var bent á að unglingar sem færu burt til náms svo ungir festu ekki rætur í sveitarfélaginu og kæmu því síður aftur heim en ef þessi menntun væri í boði á heimaslóðum. Fram kom sú



hugmynd að gera mætti nýtt sveitarfélag að reynslusveitafélagi í sambandi við styttingu á námi til stúdentsprófs. Mikið var rætt um eflingu verknáms en ljóst er að margir vildu sjá þeim þætti framhaldsnáms gert hærra undir höfði. Það væri þó tæpast á færi eins sveitarfélags að leiðrétta slíkt.

Símenntun

Almennt álit fundarmanna var að Símenntunarstöð Vesturlands sinnti vel starfi sínu. Það mætti þó gera enn betur og fram komu þau viðhorf að ýmsa sí- og endurmenntun sem t.d. kennarar þurfa að sækja sér mætti gjarna bjóða í nýju sveitarfélagi. Rætt var um að stéttarfélagin hefðu oft yfir fjármagni að ráða til endurmenntunar og athuga þyrfti hvort ekki væri hægt að hafa samvinnu við þessa aðila.

Í lok þessa liðar var rætt almennt um menntamál í nýju sveitarfélagi. Rætt var um mikilvægi þess að markaðssetja sveitafélagið sem þekkingarsamfélag en þekkingarstofnanir og -fyrirtæki sveitarfélagsins væru auðlindir þess og tækifæri. Fram kom mjög skýr og eindreginn vilji fundarmanna til þess að nýtt sveitarfélag markaði sér stefnu sem fyrirmyndarsveitarfélag í menntamálum. Það var álit fundarmanna að nýta bæri þessi tímamót sem tækifæri til að marka heildstæða stefnu í menntamálum allt frá dagvistun ungbarna til háskóla- og símenntunar. Það væri ljóst að fólk legði æ meiri áherslu á aðgengi að góðri menntun og hið nýja sveitarfélag ætti að setja sér það takmark að bjóða upp á bestu menntun landsins á öllum skólastigum sem það hefur umsjón með eða getur haft áhrif á. Til að ná þessu takmarki þarf að ná í besta fagfólkið og til að ná í

Það þarf að bjóða betri kjör en almennt bjóðast. Að lokum var enn rætt um nauðsyn þess að öll yfirsýn yfir skólamála væri á einni hendi og að haldið væri úti öflugri skólaskrifstofu sem héldi utan um sálfræðipjónustu, greiningu, og þess háttar mál. Fundarmenn voru jafnframt á einu máli um að öll menntamál ættu heima í sömu nefnd.

Íþrótt- og tómstundastarf

Á fundinum var mikil áhersla lögð á að haldið yrði úti íþrótt- og tómstundastarfi sem víðast innan sveitarfélagsins. Aðstaðan er víða ágæt þó hún sé smá í sniðum en fólki er nauðsynlegt að hafa þessa aðstöðu nálægt sér. Jafnframt voru fundarmenn sammála um að helsta keppnisaðstaða fyrir íþróttamót væri og ætti að vera í Borgarnesi. Rætt var um kosti og galla við akstur barna í íþrótt og tómstundastarf. Gallarnir eru að akstur kostar mikinn tíma og peninga en á móti kemur að það getur aukið á samkennd á meðal barna innan sveitarfélagsins að iðka íþróttir einhverja daga í viku með börnum annars staðar í sveitarfélaginu. Í þessari umræðu var þó vísað í sömu umræðu varðandi grunnskóla en fólki þykir vanta töluvert upp á að íþrótt- og tómstundastarf sé nægilega samþætt grunnskólastarfinu. Fundarmenn beindu þeim óskum til nýs sveitarfélags að bæta úr þessum skipulagsmálum og lögðu áherslu á þá skoðun sína að tómstunda- og íþróttastarf væri einn þeirra þátta sem skipti fólki miklu máli þegar það velur sér búsetu.

Forvarnir

Fundarmenn voru almennt sáttir við ástand mála í forvörnum og því að besta forvörnin felist í góðu íþrótt- og tómstundastarfi. Hins vegar má ekki gleyma þeim sem hópi ungmenna sem ekki stunda íþróttir en vilja frekar sækja í annars konar æskulýðsstarf, t.d. leiklist, tónlist og svo framvegis. Rætt var um að forvarnir snúist ekki bara um vímuefni heldur einnig um almenna lýðheilsu. Í þessu sambandi var forvarnarstarf eldri borgara líka rætt og hvað nýtt sveitarfélag geti gert til að sinna þörfum þess hóps. Fram kom að löng bið er eftir þjónustu sjúkraþjálfara í Borgarnesi og jafnframt kom í ljós að sjúkraþjálfari sem býr í Borgarnesi verður að sækja vinnu til höfðuborgarsvæðisins af því hann fær ekki vinnu í Borgarnesi. Rætt var að það hlyti að felast umtalsverður sparnaður í heilsufor-

vörnum eldri borgara og var því eindregið beint til nýs sveitarfélags að bæta úr þessum málum.

Félagsþjónusta og eldri borgarar

Almenn ánægja var á meðal fundarmanna með aðbúnað eldri borgara í Borgarnesi hvað varðar þjónustu við helstu þjónustufarfir þeirra. Hins vegar töldu fundarmenn að mikið vantaði upp á að ýmsum öðrum þörfum væri sinnt og þá einkum andlegum þörfum. Eldri borgarar væru oft mjög félagslega einangraðir enda kæmust þeir oft ekki ferða sinna. Rætt var um möguleika á dagþjónustu við eldri borgara sem væri þannig hugsuð að fólk byggi eftir sem áður heima hjá sér eins lengi og hægt væri en hefði aðgang að einhvers konar félagsmiðstöð. Þar færi fram ýmiss konar félagsstarf en einnig heilsugæsla og hægt væri að fá keyptan mat á hóflegu verði. Fundarmenn voru einnig sammála um að sveitarfélagið þyrfti að koma á móts við eldri borgara með akstur til og frá tómtundastarfi og annarri þjónustu en með því mætti bæta úr félagslegri einangrun þeirra.



Rætt var að í farveginum sé að stækka dvalarheimilið í Borgarnesi. Nú er að koma ný kynslóð sem gerir meiri kröfur en gamla fólkið hefur gert hingað til og sveitafélagið þurfi að mæta þessum auknu kröfum. Rædd var nauðsyn þess að gert yrði átak í þessum málaflokki.

Menningarmál

Rætt var um hvernig koma megi þekkingu sem er við það að glatast til skila á milli kynslóða. Það eru mikil menningarverðmæti að glatast og nauðsynlegt að henni sé haldið til haga og miðlað til unga fólksins. Fram kom að einhverjir skólar nýta sér þekkingu þeirra sem eldri eru í skólastarfinu en nauðsynlegt er að gera þetta á markvissari hátt.

Rætt var um hvort hluti af menningarsamningi gæti verið útgáfa efnis tengdu menningu í héraðinu til að auka flæði á milli kynslóða. T.d. gætu eldri borgarar og skólabörn átt fastan sess í slíku riti.

Héraðsbundnar menningarhátíðir voru líka talsvert ræddar. Allir sammála um að þær skipti miklu máli fyrir ímynd sveitarfélagsins og samkennd íbúanna og mikilvægt væri að halda slíkum hátíðum áfram. Þá var rædd nauðsyn þess að leikfélög, kórar og önnur menningarstarfsemi héldi sér áfram blómlegu starfi í sveitum héraðsins. Félagsheimilin eru einmitt grundvöllur þess að hægt sé að halda slíku starfi úti. Það var því einróma álit fundarins að algjörlega nauðsynlegt sé að halda félagsheimilum sveitanna starfhæfum.

Atvinnumál

Í blálók umræðu í fjölskylduhópnum var komið inn á atvinnumál. Fundarmenn voru sammála um að sveitafélagið ætti ekki að líta á það sem hlutverk sitt að búa til vinnu fyrir íbúa sína. Hins vegar ætti sveitarfélagið að gera allt sem í þess valdi stendur til að mynda hagstæð skilyrði fyrir fólk sem vill hefja hér atvinnurekstur. Það væri best gert með því að bjóða upp góð almenn skilyrði s.s. samgöngur, góðar nettengingar og góða þjónustu við íbúa.



Almennt var það skoðun manna að nýs sveitarfélags biði björt framtíð ef rétt væri á spöðunum haldið og ekki ástæða til annars en bjartsýni.

3. Málefnaþópur um umhverfis- og skipulagsmál

Í hópnum sem fjallaði um umhverfis- og skipulagsmál voru um tíu manns. Umræður voru góðar og komið var inn á marga fleti í þessum víðfeðmu málaflokkum. Til umræðu voru m.a. fráveitumál, úrgangsmál, umhverfisfræðsla, útivistarsvæði, umferðamál, brunavarnir, atvinnumál og svo samkennd íbúanna. Hópstjórar voru *Anna Björk Bjarnadóttir* og *Þórir Páll Guðjónsson*. Ritari hópsins var *Margrét Guðjónsdóttir*.

Fráveitumál

Byrjað var á að ræða um fráveitumál. Fram kom að bæði Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit hafa samið við Orkuveitu Reykjavíkur varðandi þessi mál. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma fráveitumálum í dreifbýlinu í viðunandi horf t.d. með því að setja niður rotþrær. Enn er þó eftir að koma niður rotþróm á einhverjum bæjum og við sumarhús, en það er skylda sveitarfélaganna að sjá um að þessi mál séu í góðu lagi. Undir það fellur t.d. tæming rotþróa, en rétt var hver afkastageta þeirra væri og hvert bæri að setja innihald þeirra. Á að kasta því í Borgarfjörðinn? Hvaða áhrif hefur það á fjörðinn? Fram kom að verið er að setja ramma fyrir öll sveitarfélög til að vinna eftir hvað þetta varðar sem nýtt sveitarfélag kemur til með að vinna eftir eins og önnur sveitarfélög.



Sorphirða, endurvinnsla og förgun

Í umræðum um þennan málaflokk kom fram að umhirða við gámasvæði væru víða ekki til fyrirmyndar. Reyndar var talað um að Gámastöðin á Sólbakka í Borgarnesi væri snyrtileg en kvartað var yfir því að hún væri “úr leið” og sú spurning kom fram hvort ekki mættu vera fleiri gámar t.d. nálægt nýja miðbænum í Borgarnesi þar sem flestar verslanir eru. Þá var talað um að fjölga þyrfti gámastöðvum í dreifbýli.

Rætt var um verkefni sem lúta að umhverfisvænni meðferð sorps, t.d. flokkun og jarðgerð. Fram kom það sjónarmið að kostnaður við slík verkefni væri meiri en sem næmi ábatanum. Um þetta spunnust umræður en sums staðar hefur skapast ákveðin menning í kring um þessi mál, t.d. moltugerðin á Hvanneyri. Það væri hins vegar nauðsynlegt að fræða fólk um verkefni eins og *Vistvernd í verki* til að vekja áhuga þess, gera fólk meðvitað um áhrif verkefnisins og að virkja það til þátttöku. Það er ekki hægt að skylda fólk til þátttöku í slíkum verkefnum jafnvel þótt til væri lagarammi. Aðferðir eins og skilagjald sem í raun eru bara verðlaun til fólks fyrir að skila rusli á réttan stað (og reyndar líka skattur á þá sem orsaka ruslið, þ.e. framleiðendur) og slíkar aðferðir skila mun betri árangri en boð og bönn.

Fram kom að verkefni eins og Grænfánaverkefnið á Hvanneyri er góð aðferð til að breyta hugarfarinu. Það þarf að byrja í skólunum og ala unga fólkið upp við nýja siði. Góður árangur á Hvanneyri sýnir hvað hægt er að gera og nýtt sveitarfélag á að geta nýtt sér það og breitt út fagnaðarerindið til annarra svæða.



Reynslan erlendis frá sýnir að þetta er það sem koma skal, þrískipt ruslatunna á hvert heimili verður brátt jafn sjálfsögð á Íslandi og annars staðar, enda heildarsparnaður af því að minnka sorp sem er dýr og ört vaxandi málaflokkur allra sveitarfélaga.

Umhverfisfræðsla

Umræða um fræðslu á þessu sviði kom í beinu framhaldi af fyrri umræðum. Græni fáninn, og Lesið í skóginn er góð dæmi um vel heppnuð fræðsluverkefni. Verkefni af þessu tagi eiga þó alltaf að vera í endurskoðun og það þarf að meta með reglulegu millibili hvornig til hefur tekist. Fram kom að í skólum í Noregi er einn útivistardagur á

viku hjá öllum fyrstu bekkingum þar sem börnunum er kennt að vera úti, kennt á náttúruna og hvernig á að umgangast hana.

Rætt var um umhverfishagfræði á háskólastigi og rætt um mismunandi áhuga á þessu námi í háskólunum á Hvanneyri og Bifröst og hvort áhugi eða áhugaleysi þar endurspegladi almennan áhuga á umhverfisfræðslu og málaflokknum yfirleitt. Fundarmenn voru sammála um að nýta bæri góða reynslu og þekkingu Hvanneyringa á umhverfisfræðslu. Einnig kom fram sú hugmynd að umhverfisfræðslan yrði tengd starfi Landbúnaðarháskólans á þann hátt sem myndi nýtast í héraði.

Útivistarsvæði


Það háir, að mati fundarmanna, þessum málaflokki að ekki skuli vera til aðalskipulag fyrir svæðið í heild. Slíkt skipulag þarf að vinna og svo þarf að gera allar upplýsingar um svæðið aðgengilegar á einum stað, t.d. upplýsingar um fólkvanga, gönguleiðir, reiðleiðir, jökla, skóga, strendur og vatnsverndarsvæði svo dæmi séu tekin.

Talað var um að Skarðsheiðin væri vannýtt auðlind eins og reyndar fleiri útivistarsvæði en að framkvæma þyrfti hættumat á Skarðsheiðinni áður en hægt verður að nýta hana í ferðamennsku. Fram kom að Ferðamálaráð styrkir sveitarfélög til að byggja upp ferðaþjónustu en ekki einstaklinga og það er því sveitarfélagsins að bera sig eftir þeim stuðningi.

Í Borgfirði og nærsveitum eru mikil stangveiði og það er sjálfsagt að gera meiri mat úr þeirri grein ferðaþjónustunnar. Veiði ætti t.d. ekki eingöngu að vera karlasport heldur líka fjölskyldusport en með er hægt að draga fleira fólk á svæðið. Það var álit manna að um margt væri að velja fyrir útivistarfólk í hinu nýja sveitarfélagi og að það færi best á því að útivistarsvæði yrðu almennt sett undir ferðamannaíðnað.

Umferðarmál

Umræða um umferðarmál var góð en mikið starf er óunnið í þeim málaflokki innan hins nýja sveitarfélags. Fram kom í máli fundarmanna að mikil þörf væri á að byggja upp vegina innan sveitarfélagsins og eins vegi til og frá sveitarfélaginu utan þjóðvegjar. Hafa þarf í huga að innansveitarvegir eru í raun innviðir sveitarfélagsins og það er afar brýnt að stytta þann tíma sem fer í ferðir á milli staða sem mest, hvort heldur er fyrir skólabörn eða aðra. Fyrir utan það að þjóna íbúunum þá munu allar vegabætur auka umferð til sveitarfélagsins en þjónusta við sumarbústaðabyggð er mikill og vaxandi hluti af starfsemi í sveitarfélaginu. Það kom fram að nauðsynlegt er að bæta veginn yfir Dragháls og Uxahryggi en vegurinn um Uxahryggi er mjög mikilvæg tengin við Suðurland. Þá var einnig rætt um mikilvægi Sundabrautar fyrir Borgarfjörð og nærsveitir og að hún yrði mikil lyftistöng fyrir hið nýja sveitarfélag.



Rætt var um umferð gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda og fram kom að greiða þurfi meira fyrir þessari umferð. Bent var á að það hafi verið mistök að skilja ekki gamla veginn upp í Norðurárdal eftir fyrir þessa umferð í stað þess að fjarlægja hann þegar sá nýi var lagður. Varast þyrfti slík mistök.

Brunavarnir

Varðandi brunavarnir var rætt um sameiningu brunavarna BBON og Borgarfjarðardala og að setja allar brunavarnir undir eina yfirstjórn. Eins og staðan er í dag er slökkviliðsstarf unnið af sjálfboðaliðum og tækjabúnaður er misjafn eftir svæðum. Bílar eru í dag staðsettir á Hvanneyri, Reykholti, Varmalandi, Bifröst og Húsafelli. Dælur eru í Skorradal og Vélabbæ. Með sameiningu væri hægt að einfalda reksturinn, koma upp einni öflugri slökkvistöð með einu slökkviliði og útstöðvum og bæta þannig brunavarnirnar. Huga þarf að því að nægilegt vatn sé til staðar og bæta þarf tækjakost. Með vaxandi umferð er hætta á mengunarslysum og þörf er á að hafa samstarf um slíkt við Slökkvilið

höfuðborgarsvæðisins. Mesta hættan er að mati fundarmanna eru eldar í sumarhúsum og í skóglendi.

Atvinnumál

Fundurinn var sammála um að það væri ekki hlutverk sveitarfélaga að skapa atvinnu fyrir íbúana heldur væri hlutverk þess að skapa almennt góð skilyrði fyrir alls kyns atvinnustarfsemi. Það sem hægt er að gera er t.d. að bjóða upp á aðgang að lóðum fyrir atvinnustarfsemi og bæta þjónustuna. Rætt var hvort hið nýja sveitarfélag ætti að sækjast eftir stóriðju eða ekki en hafa má í huga að stutt er á Grundartanga og í raun er um eitt og sama atvinnusvæði að ræða. Það kom líka fram að til að hægt sé að vera með atvinnustarfsemi þarf líka að vera fyrir hendi húsnæði fyrir fólk sem vill flytjast til svæðisins og vinna þar. Mjög mikilvægt er að nægt lóðaframboð sé fyrir hendi að það hefur ekki alltaf verið raunin hingað til. Fram kom að þau sjónarmið séu til í Reykjavík að Hafnarmelarnir henti sem iðnaðarsvæði en það myndi hafa áhrif á ímynd svæðisins. Töluverð starfsemi er í byggingariðnaði í Borgarnesi en hún þykir illa staðsett með tilliti til vaxandi íbúðarbyggðar. Fram kom á fundinum að eins og staðan væri í dag væri nýtt sveitarfélag ferðamanna- og háskólahérað og að stefna bæri að því að auka við það og byggja upp fjölskylduvænt samfélag.



Samkennd íbúa

Það er mikilvægt fyrir hið nýja samfélag að vel takist til með að efla samkennd íbúa innan sveitarfélagsins. Það kemur t.d. Hvanneyringum við hvað er að gerast í Kolbeinsstaðahreppi og öfugt. Það er mjög jákvætt að það skuli vera haldin íbúðing eins og þetta þar sem málin eru rædd en það eykur tvímælalaust á samkennd og víðsýni íbúanna. Það þarf líka að hafa í huga að á svæðinu er töluverð dulin búseta. Þ.e. búseta fólks sem ekki býr á svæðinu nema að hluta til en lítur engu að síður á það sem sína byggð og vill svæðinu vel. Þetta á t.d. við um sumarhúsaeygendur. Það þarf að finna leið

til að láta kalla eftir þeirra sjónarmiðum og nýta þær hugmyndir sem frá þessu fólki kann að koma.

4. Hópur um stjórnslu og lýðræði

Í vinnuhópnum um stjórnslu og lýðræði í nýju sveitarfélagi voru líflegar umræður. Í hópnum störfuðu 12 manns og var víða komið við. Byrjað var á því að ræða um stjórnsluna almennt, nefndafyrirkomulag í nýju sveitarfélagi, staðsetningu stjórnslunnar og þá fyrst og fremst með tilliti til skrifstofu í Reykholti. Því næst var fjallað um íbúalýðræði og endað á þeirri hugmynd að veita bjartsýnisverðlaun. Hópstjóri var *Grétar Þór Eyþórsson* og ritari var *Valdimar Sigurjónsson*.

Stjórnslan

Umræðan hófst með tali um að flokkapólitík hafi til þessa verið takmörkuð í sveitunum og velti fólk því fyrir sér hvort það kynni að breytast með stækkun og sameiningu sveitarfélaganna. Voru menn á því að flokkarnir hlytu að



taka málefni sveitanna inn á málefnaskrár sínar og sækjast eftir að fólk þaðan tæki sæti á listum þeirra. Sú skoðun kom einnig fram að flokkavæðing gæti fælt fólk frá þátttöku í sveitastjórnarpólitík því stór og vaxandi hópur vildi ekki starfa undir flokksmerkjum. Sveitastjórnarpólitík snýst oft meira um þverpólitísk málefni og traust á persónum fremur en flokkum og óháðir listar geta vel verið lausn á þessu í nýju sameinuðu sveitarfélagi eins og reynslan sýnir að hefur gefist vel hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Hins vegar var líka á það bent að landsflokkavæðingin veiti betri aðgang að ríkisstjórnslunni vegna tengsla flokksmanna við sína í kerfinu.

Nefndir

Varðandi nefndamál voru flestir á eitt sáttir um að fáar, öflugar og vel skipulagðar nefndir væri það sem stefna bæri að. Samkvæmt tillögum sameiningarnefndar verður fjöldi í nefndum fimm nema í fræðslunefnd þar sem verða sjö nefndarmenn, en þar ráða svæðasjónarmið nokkru um fjölda sem og mikilvægi málaflokksins. Fannst fundarmönnum þetta eðlilegar tillögur og gott að fáir en vel hæfir einstakingar sæi um störf í nefndum.

Nokkuð var rætt um hvort menningar- og tómstundarnefnd gætu heima í einni nefnd eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Í erindi bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs, Eiríks Bj. Björgvinssonar, kom fram að það hefði reynst austanmönnum vel að hafa þetta aðskildar nefndir. Hætta gæti verið á að annar málaflokkurinn beri hinn ofurliði.

Spurt var hvort nefndir skiptu hinn almenna borgara máli. Það var álit manna að svo væri og að almenningur þyrfti að hafa greiðan aðgang að nefndarmönnum. Þótti fólki að slíkt væri tryggt í tillögunum og að ekki væri þörf á að bíða eftir að hitta nefndarfólk í “Kaupfélaginu” til að ræða við það um tiltekin mál. Ræddar voru tillögur að uppsetningu á nefndum skv. málefnskrá og var fólki á þeirri skoðun að ekki væru sjáanlegir gallar á fyrirkomulaginu þótt auðvitað bæri þó að hafa það í sífelldri endurskoðun. Það var álit manna að betra væri að hafa kjörna sveitarstjórnafulltrúa í nefndum til að tengingar væru betri við sveitarstjórn, flæði upplýsinga betra og hætta á hagsmunaárekstrum minni. Í lok umræðu um nefndir kom fram sú skoðun að fundargerðir Borgarbyggðar væru knappar og lítið á þeim að græða. Var til þess mælt að fundargerðir í nýju sveitarfélagi yrðu ítarlegri.



Staðsetning stjórnsýslu

Í málefnskrá sameiningarnefndar er gert ráð fyrir að aðsetur stjórnsýslu verði bæði í Borgarnesi og í Reykholti. Voru fundarmenn á eitt sáttir um það og hófst umræða um það hvaða starfsemi ætti að vera í Reykholti. Rætt var um hvort annar dreifbýlisfulltrúinn gæti verið með aðsetur í Reykholti, en samkvæmt málefnafráttinni er gert ráð fyrir amk tveimur slíkum í hlutastarfi. Í dag sinnir dreifbýlisfulltrúinn í Borgarbyggð landbúnaðarmálum, umhverfismálum, vegamálum í dreifbýli og sumarbústaðamálum. Spurt var hvort dreifbýlisfulltrúi ætti að sinna fleiri verkefnum s.s. að taka við fyrirspurnum frá dreifbýli. Fundarmenn voru sammála um að skilgreina þyrfti hlutverk dreifbýlisfulltrúa vel.

Í umræðu um Reykholt var einkum spurt hvaða skilgreind verkefni væri æskilegt að hafa þar en sem stendur eru þar tvö og hálf stöðugildi hjá Borgarfjarðarsveit. Fram komu ýmsar hugmyndir:

- Bókhald og önnur bakvinnsla
- Hluti af almennum skrifstofustörfum
- Landbúnaðarmál
- Umhverfismál
- Ferðamálafulltrúi
- Fræðslufulltrúi
- Upplýsinga- og markaðsfulltrúi

Umræða spannst um hlutverk upplýsinga- og markaðsfulltrúa sem fólk var sammála um að væri mikilvægt starf. Sá sem því sinnti þyrfti að sinna kynningarmálum bæði útávið og innávið, sinna markaðsmálum og efla samkennt íbúa svo eitthvað sé nefnt. Niðurstaða fundarins varð að best væri að þetta embætti yrði staðsett í Borgarnesi frekar en í Reykholti. Niðurstaða fundarmanna varð að lokum sú að best færi á að tómsunda- og menningarfulltrúi yrði staðsettur í Reykholti, auk ýmissar starfsemi í bakvinnslu og landbúnaðarmálum.

Fram kom sú hugmynd að tengja starfsemi sveitarfélagsins í Reykholti, hver svo sem hún yrði, við aðra þjónustu s.s. banka eða pósthjónustu. Þeirri hugmynd var líka kastað fram

hvort hægt væri að hafa stjórnslu nýs sveitarfélags með einhvers konar fljótandi skipulagi þar sem hver starfað á fleiri en einum stað.

Íbúalýðræði

Varðandi þennan málaflokk var ljóst að fundarmenn töldu að margt mætti bæta í nýju sveitarfélagi. Mikið var rætt um nauðsyn þess að upplýsingaflæði væri gott, það væri hornsteinn og alger forsenda íbúalýðræðis. Til að bæta úr þessu var m.a. bent á eftirfarandi:



- Gagnvirkur vef. Gott tæki til að miðla upplýsingum og fá viðbrögð við spurningum og verkum stjórnslunnar. Þetta má t.d. gera með því að standa að vel útfærðum skoðanakönnunum á netinu en einnig með því að gera fólki kleift að tjá hug sinn í greinum á heimasíðunni á einfaldan hátt eða að halda úti spjallvef.
- Fréttabréf. Ekki eru allir með tölvur og því nauðsynlegt að gefa jafnframt út fréttabréf þar sem öll helstu mál eru kynnt ásamt því helsta úr umræðu og aðsendum greinum á gagnvirkum vef sveitarfélagsins.
- Íbúafundir. Nauðsynlegt er að halda reglulega íbúafundi til að virkja íbúa betur til þátttöku í hinum ýmsu málum, hvort heldur sem er á hugmynda- eða framkvæmdarstigi.
- Grenndarkynningar. Fundarmönnum fannst lýðræðið takmarkað þegar kemur að skipulags- og byggingarmálum en tímanlegar grenndarkynningar geta bætt úr því.
- Samkennd. Auka þarf samkennd íbúa í nýju sveitarfélagi. Fundarmenn voru sammála um að of mikill sannleikur hafi verið í pistli Gísla Einarssonar sem hann flutti fyrr um daginn og fjallaði um bjartsýni eða öllu heldur skort á bjartsýni í héraðinu. Ljóst er að margt er hægt að gera og aukið upplýsingaflæði hjálpi til. Til stuðnings þessari skoðun var bent á hvað tilkoma Skessuhorns hefði haft mikil áhrif á samkennd íbúa á Vesturlandi. Eining var um að aukin samkennd geti eflt lýðræðið.

Önnur mál

Hópurinn samþykkt að gera það að tillögu sinni til nýrrar sveitarstjórna að veita árlega bjartsýnisverðlaun. Það mætti verða til þess að beina sjónum fólks að því sem vel er gert og jákvæðri þróun en það er hættulegt samfélaginu að einblína á hitt sem betur má fara.

Að lokum veltu menn fyrir sér nafni á nýju sveitarfélagi og kom þessi vísa fram:

Spyr sá sem ekki veit,
hvort sem að heitir'ann Njáll eða Njörður.
Eldborgarhraun eða Eldborgarsveit?
Eða kannski bara Kolbeinsstaðafjörður?

5. Niðurstöður íbúafingsins

Íbúafinginu var ekki ætlað að koma fram með niðurstöðu í tilteknum málum. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að fá fram sjónarmið íbúanna á hinum ýmsu málum nýs sveitarfélags. Óhætt er að fullyrða út frá þessu íbúafingi að íbúarnir eru almennt mjög sáttir við það samfélag sem þeir búa í, eru sáttir við sameiningu sveitarfélaganna og sammála þeirri málefnavinnu sem sameiningarnefndin lagði fram fyrir sameiningakosningarnar vorið 2005. Margir athyglisverðir punktar komu fram á þinginu en hafa verður í huga að það getur hafa verið skoðun eins fundarmanna og þarf þar af leiðandi ekki endilega að endurskoða vilja íbúafingsins sem slíks.



Viðauki I

Í einni sæng

Tilhugalíf fjögurra sveitarfélaga

Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur
og Kolbeinsstaðahreppur

Íbúáþing haldið á Hvanneyri laugardaginn 19. nóvember 2005

Dagskrá:

- 10.30 Þingsetning. Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar.
- 10.40 Nýtt sveitarfélag á Fljótsdalshéraði - reynsla og þróun. Eiríkur Bj. Björgvinsson bæjarstjóri á Fljótsdalshéraði.
- 11.00 BJARTSÝNI: Vannýtt auðlind í Borgarfirði! Gísli Einarsson fréttamaður varpar sínu ljósi á nýtt sveitarfélag.
- 11.20 Fyrirkomulag hópastarfsins kynnt sem og tilgangur þingsins. Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri á Rannsóknarmiðstöð Viðskiptaháskólans á Bifröst.
- 11.40 Gestir skipta sér í hópa.
- 11.50 Matarhlé.
- 12.30 Hóparnir hefja störf.
- 14.30 Kaffi.
- 14.45 Stutt kynning á vinnu hvers hóps.
- 15.15 Þingslit. Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiningarnefndar.